

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fráveitugjalda í Sveitarfélaginu Árborg, nr. 199/2008.

1. gr.

2. mgr. 3. gr. gjaldskrárinnar verður svohljóðandi:

Álagningarstofn gjaldsins skal vera fasteignamat viðkomandi fasteigna. Fjárhæð gjaldsins skal nema 0,2510% af fasteignamati viðkomandi fasteignar.

2. gr.

4. gr. gjaldskrárinnar verður svohljóðandi:

Fyrir hreinsun og tæmingu rotþróar skal húseigandi greiða eftirfarandi rotþróargjald fyrir hverja losun:

<i>Stærð í lítrum</i>		<i>Rotþróargjald í kr.</i>
Rotþró	< 4.000	52.395
Rotþró	4.001-6.000	69.332
Rotþró	> 6.000	12.954 kr. pr. umframrúmmetra

Verð miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að standa fjær rotþró en 10 metra. Fyrir hverja 10 metra umfram það skal greiða kr. 3.694.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem öðlast þegar gildi, er samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar með heimild í 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009, 59. gr. laga um hollustu-hætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og samþykkt um fráveitur í Sveitarfélaginu Árborg nr. 126/2004.

Selfossi, 15. desember 2021.

Gísli Halldór Halldórsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 19. janúar 2022